

Ár 1878 h. 4. júní setti og hélt sýslumaður E. Th. Jónassen aukarétt með vottum G. Guðmundssyni og S. Sigurðssyni í tilefni af klöggun frá timburmanni O. Halldorsen í Borgarnesi um þjófnað er þar hafði verið framinn í húsi því er hann þar býr í.

Fyrir rétti mætti O. Halldorsen, sem sýslumaður spurði hið áður umgetna bréf dags. 23 f. m., er hljóðar þannig: + + + og sem hann kannaðist við að væri frá sér og staðfesti innihald þess sem sannleikanum samkvæmt. Skýri hann svo frá að Sólmundur sá er bréfið umhöndlar hafi komið 21. maí frá Reykjavík eða Akranesi og lent snöggvast í Borgarnesi og Andrés Fjeldsted á Hvítárvöllum hafi þar þá verið kominn að sækja timbur, er hann átti í Borgarnesi og hafi hann fengið Sólmund til þess að hjálpa sér og þeim mönnum, er voru með honum með timbrið, en af því hann hvessti mjög á norðan þann dag, þá gat Andrés og menn hans eigi komizt af stað þann dag en í hafi orðið að vera næstu nótt í Borgarnesi og hafi hann þá leyft þeim að sofa uppá loptinu í þeirri sölubúð, sem hann búi, hafi hann þá daginn eptir að þeir Andrés höfðu sofið þá á loptinu, þegar hann var að smíða niðri í húsinu, heyrte skruðning upp á loptinu og hafi hann þá farið upp til að aðgæta hver þar væri og mætt Sólmundi í stiganum þegar hann gekk upp á loptið, en þegar Halldorsen kom upp sá hann, er hann fer að aðgæta, að tekið hafði verið útúm rifu á lokuðum kassa trefill

kallaði H. þá Sólmund á eintal og sagði að hann hafði stolið úr kassanum, og játaði hann það og fékk honum trefilinn, en neitað að hafa tekið nokkurn hlut annan í búðinni, en þegar Andrés Fjeldsted heyrði að þessi maður, sem var í hans þjónustu og sem hann hafði beðið fyrir að mætti ásamt hinum mönnum hans sofa í húsinu hefði stolið trefli, þá heimtaði hann hann af Sólmundi að fá að skoða í farangur hans og fann þar þá nagla í sokk sem Sólmundur átti, er Sólmundur játaði fyrir Andrési að hann hefði stolið í húsinu þó eigi fyr en Halldórsen hafði uppátalið að hann þekkti naglana, er Sólm. hefði borið það að hann hefði keypt þá hjá Fischers verslun í suðurferðinni.

Síðan segir hann að Sólmundur hafi játað fyrir sér að hann hefði líka tekið brýni upp á loptinu slíkt brýni segir H. kosti 15 aura. Halldórsen afhenti sýslumanni í réttinum trefilinn, naglana í sokk og S.S. og nýjan poka, sem tekinn var af Sólmundi, er Halldórsen þekkti sína eign, og sem horfið hafði um þá daga undan búðarborðinu. Frekari skýrslu segist Halldorsen eigi geta gefið, en skírskotar til áðurgreinds bréfs sínu.

Rétti slitið

E. Th. Jónassen